Fundargerð 18. fundar stjórnar Minjasafnsins á Akureyri 8. desember 2020.

Fundur haldinn á Teams.

Fundinn sátu: Sigfús Karlsson, formaður, Elísabet Ásgrímsdóttir, Inga Elísabet Vésteinsdóttir, Þorsteinn Krüger, Sigríður Rósa Sigurðardóttir og Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri.

Formaður setti fund kl. 15:40

1. **Þjónustusamningur vegna Skáldahúsa**

   Lagður fram samningur Akureyrarbæjar við Minjasafnið á Akureyri um faglegt starf Davíðshúsi og Nonnahúsi. Samningurinn er til þriggja ára frá 2021-2023.

   Rætt var um nauðsyn og sanngirni þess að mennta- og menningarmálaráðuneyti komi að rekstri akureyrskra skáldasafna líkt og allra annarra sambærilegra safna.

   Stjórn Minjasafnsins á Akureyri samþykkir framlagðan samning.

2. **Þjónustusamningur vegna Minjasafnsins á Akureyri**

   Lagður var fram samningur milli Minjasafnsins á Akureyri og Akureyrarbæ fyrir árin 2021-2023 um framlög til safnsins og þjónustu þess næstu þrjú árin, 2021-2023.

   Stjórn safnsins fagnar því að samningsupphæðir taki breytingum skv. launavísitölu enda sé launakostnaður stærsti einstaki kostnaðarliður í rekstri þess.

   Jafnframt fagnar stjórnin mikilvægum áfanga í varðveislumálum safnsins þar sem Akureyrarbær leggur fram að auki innri leigu vegna varðveisluhúss safnsins á Naustum.

   Stjórn Minjasafnsins á Akureyri samþykkir framlagðan samning og felur safnstjóra að semja við aðra eigendur safnsins á sömu nótum.

3. **Fjárhagsáætlun 2021 seinni umræða.**

   Farið var yfir breytingar frá því að fjárhagsáætlun var lögð fram 10.11. sl.

   Stjórn Minjasafnsins á Akureyri samþykkir fyrirliggjandi fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 með þeim fyrirvara að bæjarráð Akureyrar samþykki tillögur stjórnar Akureyrarstofu um innri leigu á Naustum og fyrirliggjandi þjónustusamning.

4. **Fjárhagsmál safnsins.**

   Safnstjóri lagði fram til kynningar rekstrarreikning samstæðunnar fyrir 11 mánuði.

   Formaður stjórnar kynnti ákvörðun stjórnar Akureyrarstofu um leiðréttingu á framlagi samnings 2020 til að koma til móts við aukinn launakostnað safnsins vegna launahækkana og starfsmats.

   Stjórn Minjasafnsins á Akureyri fagnar þessari viðurkenningu stjórnar Akureyrarstofu að nauðsynlegt sé að bæta safninu hækkanir á launakostnaði safnsins sem er stærsti einstaki rekstrarliður Minjasafnsins. Jafnframt felur stjórn safnstjóra að ræða við aðra eigendur um samsvarandi hlutfallslegt framlag.

5. **Samstarfssýning - Museum Østjylland**

Safnstjóri kynnti væntanlegt samstarf við Museum Østjylland um sýningu á dönskum og færeyskum kvenljósmyndurum. Auk fyrrgreindra safna koma að sýningunni Þjóðminjasafn Íslands, Bymuseet í Þórshöfn, Aalborg Stadsarkiv, Danmarks Industrimuseum og Odense Bys Museer. Sýningin opnar í Randers 6. febrúar n.k. en í Minjasafninu á Akureyri í ágúst 2022. Minjasafnið leggur fram ljósmyndir Önnu C. Schiöth og textavinnu vegna þeirra.

6. **Önnur mál.**

Safnstjóri sagði frá því að sýningar safnsins opni á ný 12. desember n.k. með tveimur nýjum sýningum: Jólasýningu Minjasafnsins og Ljósmyndasýning barnanna – Akureyri bærinn minn.

Elísabet þakkaði starfsfólki fyrir jóladagatal safnsins, en daglega birtast færslur á heimasíðu og samfélagsmiðlum með fróðleik tengdum jólum.

Safnstjóri kynnti lauslega hugmyndir að hljóðleiðsögnum í húsum safnsins.

Næsti fundur stjórnar Minjasafnsins á Akureyri verður 19. janúar á nýju ári kl. 15:30.

Fundi slitið 17:10

Fundargerð ritaði HÞE